

## Aðalfundur Félags Háskólakennara á Akureyri 8. júní 2009

### Fundargerð

Mættir: alls mættu 11 félagsmenn

1. Fundur settur: Formaður félagsins, Kjartan Ólafsson, setti fund kl. 11:00 í stofu L 201 og skipaði sjálfan sig sem fundarstjóra og Hafðisi Skúladóttur fundarritara, með samþykki fundarmanna.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar: hefur verið aðgengileg á heimasíðunni.
3. Ársskýrsla lögð fram: Kjartan fór yfir störf stjórnar síðasta starfsár m.a. að Hjördís Sigursteinsdóttir hefði starfað sem framkvæmdastjóri FHA og sinnt daglegum rekstri. Ákvarðanir hefðu verið teknar sameiginlega af stjórn og formanni. Einnig fjallaði hann um uppsagnir starfsmanna s.l. haust og viðbrögð við þeim þar sem lögmæti uppsagna var kannað og var niðurstaðan sú að löglega hafi verið að því staðið. Einnig um áhrif bankahrunsins á eignir FHA í ÍV. Fyrirhugaður er sparnaður hér í stofnuninni sem og alls staðar í þjóðfélaginu og verður lögð áhersla á að standa vörð um starfsöryggið umfram annað. Lítil hreyfing er í kjaraviðræðum og er vert að velta fyrir sér hvaða áherslur á helst að leggja á. Nýr vefur fyrir FHA var tekinn í notkun og nýtt merki.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrt frá fjárhag félagsins. Ársreikningi FHA fyrir 1. janúar-31. desember 2008 var dreift á fundinum. Ása kynnti reikningana. Ávöxtun var neikvæð. Umsóknum í námsjóð fjölgaði síðasta ár vegna breyttra starfsreglna og sagði Finnur að um 4 umsóknir hefðu borist að meðaltali í hverjum mánuði. Umsóknir voru afgreiddar jafnóðum og þær bárust. Reikningar voru samþykktir samhljóða.
5. Staðfesting á inntöku nýrra félaga: Hjördís dreifði lista yfir félaga sem fékkst frá launafulltrúa. Sá listi er ekki alveg réttur vegna tilfærslu félagsmanna yfir í prófessorafélagið. Engar athugasemdir voru gerðar við listann.
6. Ákvörðun um árgjald: Samþykkt óbreytt árgjald eða 1,2% af grunnlaunum
7. Tillögur til lagabreytinga: Engar tillögur komu fram um lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar: Kjartan Ólafsson gaf ekki kost á sér sem formaður en kynnti að Helgi Gestsson gæfi kost á sér sem formaður í 1 ár en hann er jafnframt formaður samninganefndar. Kosnir voru 2 aðalfulltrúar í stjórn til næstu 2 ára þau Erlendur Steinar Friðriksson og Kristín Guðmundsdóttir. Páll Björnsson og Arnheiður Eypórsdóttir verða stjórnarmenn í 1 ár í viðbót. Varamenn til eins árs verða Finnur Friðriksson og Kjartan Ólafsson. Samþykkt.

9. Samninganefnd: Tillaga var borin fram um að Helgi Gestsson, Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson sitji í samninganefnd. Samþykkt.
10. Skoðunarmenn ársreikninga: Stefán Jóhannsson, og Stefán B. Gunnlaugsson voru endurkjörnir. Samþykkt.
11. Samstarfsnefnd FHA: Tillaga var borin fram um að Helgi Gestsson, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Erlendur Steinar Friðriksson sitji í samstarfsnefnd. Samþykkt.
12. Önnur mál:

Trúnaðarmenn verði einn af hverri starfsstöð skólans þ.e. Sólborg, Borgir og Þingvallastræti. Rætt verður á næsta stjórnarfundum þetta fyrirkomulag.

Sameiningarviðræður. Kannað verður meðal félagsmanna hvort fara eigi í sameiningarviðræður við önnur félög háskólakennara.

Ályktun aðalfundar FHA: Svohljóðandi tillaga var lögð fram og samþykkt.

„Aðalfundur FHA lýsir sig mótfallinn framkomnum hugmyndum um sameiningu ríkisháskóla og telur rétt að staðinn sé vörður um þá kosti sem fylgnir eru í sjálfstæðum háskóla á Akureyri“.

Ný heimasíða: Rétt er að vekja athygli á nýju heimasíðunni með því t.d. að setja inn link á heimasíðu skólans og einnig inn í Stefaníuna.

Kjartani Ólafssyni fráfarandi formanni eru þökkun vel unnin störf og hinum nýkjörna formanni FHA Helga Gestssyni er óskað velfarnaðar í starfi.

Fundi slitið kl 12:00.

---

Hafdís Skúladóttir, ritaði fundargerð.